



## Ársskýrsla Upplýsingar

starfsárið 2022-2023  
maí - apríl

Aðalfundur 2023  
25. maí 2023

## Efnisyfirlit

1. Félagar.....	3
2. Stjórn Upplýsingar.....	3
3. Rekstur félagsins.....	3
4. Skýrsla stjórnar 2022-2023.....	4
5. Afsláttarkjör fyrir félagsmenn.....	5
6. Útgáfumál og upplýsingamiðlar.....	5
Fregnir.....	6
Bókasafnið.....	6
Vef- og samfélagsmiðlar Upplýsingar.....	6
Heimasíða félagsins.....	6
Miðlun upplýsinga.....	6
Landsfundur.....	7
Bókasafnsdagurinn.....	7
Utanumhald miðla Upplýsingar.....	7
7. Ferðasjóður Upplýsingar.....	7
8. Fræðslumál.....	8
Morgunkorn 2022 - 2023.....	8
Aðrir viðburðir.....	9
9. Skýrslur hópa og nefnda 2022 - 2023.....	10
10. Annað innlent samstarf 2022 - 2023.....	12
Fjölmiðlanefnd TUMI.....	12
Bókasafnaráð.....	12
Samráðshópur um málefni Hljóðbókasafns Íslands.....	12
Stjórn Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns.....	13
Íslensk málnefnd.....	13
Höfundarréttarráð.....	13
10. Norrænt og alþjóðlegt samstarf.....	13

## 1. Félagar

Félagar í Upplýsingu eru í dag um það bil 386 og 37 stofnanir. Félagar detta út af skrá ef þeir hafa ekki greitt félagsgjöld í 2 ár samfleytt og eru alltaf einhverjir sem segja sig úr félaginu á þann hátt.

Félagsaðild er að mestu leyti einstaklingsaðild en í raun eru sex aðildarflokkar:

- a. Almennir félagar. Þeir greiða 7.000 krónur í árgjald.
- b. Stofnanir. Stofnanir greiða 14.000 krónur í árgjald.
- c. Nemendur í upplýsingafræði. Þeir greiða 3.500 krónur.
- d. Heiðursfélagar. Greiða ekki árgjald.
- e. Eldri félagar. Geta sótt um að greiða hálf árgjald.
- f. Fulltrúar í stjórn, ritstjórn og undirbúningshóp Bókasafnsdags eru undanþegnir félagsgjöldum til að veða upp á móti vinnuframlagi þeirra til félagsins.

## 2. Stjórn Upplýsingar

Samkvæmt nágildandi lögum skal stjórn félagsins skipuð fimm mönnum: Formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera og meðstjórnanda. Auk þess skulu kosnir tveir varamenn.

Kjörin stjórn Upplýsingar starfsárið 2022-2023 var sem hér segir:

Formaður: Þórný Hlynisdóttir, Háskólinn á Bifröst (til tveggja ára frá 2022)

Varaformaður: Guðrún Lilja Kvaran, (til tveggja ára frá 2021)

Gjaldkeri: Sigurgeir Finnsson, Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn (til tveggja ára frá 2022)

Ritari: Stefanía Gunnarsdóttir, Bókasafn Reykjanesbæjar (til tveggja ára frá 2022)

Meðstjórnandi: Björg Bjarnadóttir, Fjölbrautaskóli Vesturlands (til tveggja ára frá 2021)

Varamenn í stjórn: Barbara Guðnadóttir Borgarbókasafni og Berglind Hanna Jónsdóttir

Eina breytingin á stjórn félagsins á starfsárinu var að inn kom nýr gjaldkeri fyrir Berglindi Hönnu Jónsdóttur, Sigurgeir Finnsson.

## 3. Rekstur félagsins

Félagið rekur ekki skrifstofu undir starfsemi sína en leigir geymsluaðstöðu hjá Geymslum ehf. að Fiskislóð 11, 101 Reykjavík. Þar er skjalasafn félagsins geymt sem og annað tilfallandi geymt. Starfsaðstaða stjórnarmeðlima er því á heimilum þeirra sem og á vinnustöðum sumra, með leyfi yfirmanna þeirra.

Auk stjórnar Upplýsingar eru starfshópar og nefndir sem skipuleggja og halda utan um ýmis stærri verkefni á vegum félagsins s.s. bókasafnsdaginn 8. september ár hvert, landsfund og málþing sem haldin eru annað hvert ár.

Stjórnarmenn fá þóknun fyrir stjórnarsetu og aukalega er greitt fyrir vefstjórn, auk þess sem gjaldkeri fær sérstaka þóknun tvisvar á ári og formaður mánaðarlega. Formaðurinn er í raun framkvæmdastjóri félagsins og sér um öll samskipti og helstu útréttingar á vegum þess. Þessar upphæðir eru tilgreindar í reikningum félagsins.

Árgjöld félaga, bæði einstaklinga og stofnana auk styrks úr ráðuneyti er rekstrarfé félagsins. Þó sækir félagið um styrki vegna sérstakra atburða eins og Bókasafnadags og Landsfundar. Ávallt er stefnt að því að þessir viðburðir standi undir sér og kostnaður lendi sem minnst á félaginu. Styrkur frá Menningar- og viðskiptaráðuneyti stendur undir kostnaði við faglega fræðslu til félagsmanna sem og tengingu við erlend systurfélög. Styrknum er ætlað að standa undir kostnaði við að senda fulltrúa frá félaginu á stórar alþjóðlegar ráðstefnur og fundi norrænna samstarfsfélaga. Formaður Upplýsingar fór á IFLA ráðstefnuna, WLIC sem haldin var í Dublin á Írlandi í júlí 2022.

#### 4. Skýrsla stjórnar 2022-2023

Daglegur rekstur og verkefni félagsins eru í höndum stjórnar og hélt stjórn félagsins þrettán stjórnarfundi á tímabilinu sem allir voru fjarfundir, utan tveir, auk samskipta á samfélagsmiðlum og í tölvupósti.

Þetta hefur verið annasamt ár að mörgu leyti, við héldum Málþing um Bókasafn framtíðarinnar í nóvember en auk þess var boðið upp á sex fræðslufundi í viðburðaröð sem kölluð er Morgunkorn og lesa má nánar um í ársskýrslunni, sjá kafla 8 um fræðslumál.

Árið hefur sannarlega einkennst af breytingum, bókasöfnin tóku í notkun nýtt bókasafnskerfi og það vakti titring margra þegar fréttir bárust af því að breytingar yrðu gerðar til þess að fleiri fengju heimildir til að skrá bókfræðigögn í nýtt kerfi. Upplýsing brást við með því að bjóða upp á pallborðsumræður um stöðu faglærðra félagsmanna í janúar 2023, þar sem lykilmanneskjur í stéttinni sátu fyrir svörum og félagar fengu tækifæri til að skiptast á skoðunum og eiga samtal um breytingarnar.

Það er sannarlega gleðiefni að segja frá því að við fengum aðila til að taka að sér að endurvekja tímaritið Bókasafnið. Þar er markmiðið að tímaritið verði vefrit og vettvangur til að miðla skýrslum um þau verkefni sem fá úthlutað úr Bókasafnasjóði auk þess sem félögum gefst tækifæri til að birta efni á ný. Vonandi tekst okkur í sameiningu að glæða tímaritið lífi á ný, áhugasömum er bent á að hafa samband við Hallfríði H. Kristjánsdóttur á Landsbókasafni.

Stjórn tók sér vinnudag þann 3. apríl sl. og fór yfir ýmis málefni sem komið hafa til tals á tímabilinu, fór yfir vinnulag og verkaskiptingu fyrir viðburði félagsins og ræddi meðal annars þá ósk sem fram kom á síðasta aðalfundi um að efla styrki til félagsmanna og ákvað stjórn þá að sameina tvo sjóði (Ferðasjóð og Styrktarsjóð ófaglærðra) til þess að efla Ferðasjóð. En Ferðasjóður hefur hingað til verið sá hagnaður sem verður af Landfundi og hefur verið nýttur en styrktarsjóðurinn legið hreyfingarlaus. Verði þessi ákvörðun staðfest af aðalfundi mun það leiða til þess að hægt sé að greiða öllum þeim fjölmörgu sem sóttu um styrk í Ferðasjóð þetta árið, en

23 sóttu um styrk. Reglur ferðasjóðs segja að aðeins sé veittur styrkur til átta aðila á ári. Með sameiningu sjóðanna og stöðu Ferðasjóðs er hægt með samþykki aðalfundar að greiða öllum.

Formaður þakkar kærlega öllum þeim sem hafa lagt hönd á plóg fyrir starf Upplýsingar. Að sama skapi vill Upplýsing þakka félagsmönnum kærlega fyrir stuðning við starfsemina, sérstaklega þeim sem héldu erindi á Morgunkornum. Lísu Z. Valdimarsdóttur og Ilmi Dögg Gísladóttur fyrir undirbúning Málþingsins um bókasafn framtíðarinnar, Gunnhildi Björnsdóttur fyrir að bjóða okkur bókasafn Menntavísindasviðs fyrir jólagleði í framhaldinu þar sem við gátum skálað í glerglösum. Þeim Ingibjörgu Steinunni Sverrisdóttur, Pálinu Magnúsdóttur, Sveinbjörgu Sveinsdóttur, Ágústu Pálsdóttur, Kristjönu Mjöll Jónsdóttur Hjörvar og Söru Stef. Hildar sem sátu fyrir svörum í pallborðsumræðum um stöðu stéttar. Bókasafnsdagsnefnd fyrir skemmtilegan Bókasafnadag þann 8. september sem og öllum þeim sem samþykkt hafa að starfa í nefndum og ráðum sem tengjast félaginu. Sigrúnu Guðnadóttur og félögum hennar í Landsfundarnefnd eru einnig færðar kærar þakkir. Landsfundur verður þann 21. september nk. í Hafnarfírði og Garðabæ og er dagskráin þar ákaflega spennandi. En síðast en alls ekki síst vil ég þakka stjórnarliðum og vefstjóra fyrir þeirra vinnu í þágu félagsins. Við sjáum eftir tveimur úr stjórninni núna, en vonum að okkur hafi tekist að fylla þeirra skarð og höldum áfram starfi félagsins með bjartsýni að vopni. En ég vil að lokum geta þess að ég mun ekki gefa kost á mér sem formaður að ári.

## 5. Afsláttarkjör fyrir félagsmenn

Engar breytingar hafa orðið á afsláttarkjörum fyrir félagsmenn.

- Eymundsson, 20% afsláttur af bókum og tímaritum eingöngu
- Iða Zimsen, 20% afsláttur
- Promennt, 10% afsláttur af námskeiðum
- A4, 10% afsláttur
- Morgunkorn, fræðslufundir Upplýsingar, frítt fyrir félagsmenn
- Landsfundur, ráðstefna, 20% afsláttur
- Málþing, ráðstefna, 20% afsláttur
- Jólagleði, frítt fyrir félagsmenn
- Vogleði, frítt fyrir félagsmenn

## 6. Útgáfumál og upplýsingamiðlar

### Fregnir

Fréttabréfið Fregnir var endurvakið árið 2020 og sett í stafrænt form, komið hafa út 10 tölublöð á árinu með upplýsingum um hvað helst er á döfni hjá bókasöfnum í heimsfaraldrinum,

tilkynningar um Morgunkorn verið send út, fréttir af innlendum og erlendum vettvangi og ýmislegt reynt til að vekja áhuga félagsmanna á starfsemi félagsins.

## Fregnir frá 2021

- Fregnir frá 2021 - <https://us17.campaign-archive.com/home/?u=2e502a480f627a27d7c4c071f&id=fabeb0359e>
- Eldri tölublöð Fregna er að finna á vefnum <http://upplysing.wordpress.com/>

## Bókasafnið

Hallfríður Kristjánsdóttir á Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni bauðst til þess að taka að sér að endurvekja útgáfu tímaritsins Bókasafnið. Fyrirhugað er að gefa tímaritið út stafrænt.

- Heildartexti að eldri blöðum er á vefnum timarit.is, Bókasafnið frá 1974- <https://timarit.is/publication/245>

## Vef- og samfélagsmiðlar Upplýsingar

Heimasíða félagsins

Upplýsing.is – [www.upplysing.is](http://www.upplysing.is)

Heimasíða félagsins gefur greinagóða yfirsýn um starfsemi félagsins, fræðslumál, styrki til félagsmanna og upplýsingar um viðburði, liðna sem og það sem helst er að fréttu af innlendum og erlendum vettvangi.

Á Youtube rás Upplýsingar má finna safn myndbanda sem tekin hafa verið upp á vegum félagsins en síðan 2017 hefur verið leitast við að miðla fræðslufundum með streymi og/eða upptöku.

## Miðlun upplýsinga

Helstu tilkynninga- og samskiptatæki félagsins eru Facebook síða Upplýsingar og Fregnir sem er sendur í tölvupósti til félagsmanna.

Fésbókarsíða Upplýsingar er upplýsingasíða um starfsemi félagsins og málefni sem tengjast félaginu. Þar eru helst settar inn tilkynningar um viðburði, myndir úr starfi félagsins og einnig er áhugaverðum fréttum og viðburðum tengdra félaga er deilt á síðuna. Síðan hefur yfir 500 fylgjendur.

## Landsfundur

- Á Instagram eru tögginn #upplysing og #landsfundurupplysingar notuð í kringum Landsfundi.

## Bókasafnsdagurinn

- Facebook (Bókasafnsdagurinn)
- Instagram (#Bokasafnsdagurinn)
- Twitter (Bokasafnsdagurinn)
- Snapchat (bokasafn.is)

## Ut anumhald miðla Upplýsingar

Vef- og miðlastjóri Upplýsingar er Sif Sigurðardóttir. Meðal verkefna vefstjóra eru uppfærsla vefsins með tilliti til viðburða svo sem morgunkorna, ráðstefna, málfunda, og annarra uppkoma á vegum félagsins. Vefstjóri sér einnig um að taka upp, klippa og vinna myndbönd af ráðstefnum, málþingum, morgunkornum og öðrum viðburðum tengdum Upplýsingu og varðveita og deila. Vefstjóri hefur einnig séð um viðburði sem haldnir hafa verið sem fjarfundir árið 2022-2023. Sif óskaði leyfis frá vefstjórn vorið 2023 og tók Stefanía Gunnarsdóttir þá tímabundið við vefstjórninni.

## 7. Ferðasjóður Upplýsingar

Fullgildir félagar Upplýsingar til þriggja ára geta sótt í sjóðinn styrk upp á 30.000 kr. fyrir náms og kynnisferðir erlendis. Að þessu sinni bárust 23 umsóknir og uppfylltu þær allar skilyrði fyrir styrkveitingu og var því 23 styrkjum úthlutað. Alls 690.000 kr.

Eftirfarandi hlutu styrk árið 2023:

1. Gunnur Inga Einarsdóttir frá Árbæjarskóla
2. Andrea Ævarsdóttir, Bókasafn Grindavíkur
3. Brynhildur Jónsdóttir.
4. Lís Z. Valdimarsdóttir,
5. Ásta Sirrí Jónasdóttir,
6. Bylgja Júlíusdóttir,
7. Gréta Björg Ólafsdóttir,
8. Aðalheiður Erla Jónsdóttir,
9. Ragna Guðmundsdóttir,
10. Sigurlaug Jóna Hannesdóttir,
11. Halldóra Ingimarsdóttir,
12. Hulda Karen Sverrisdóttir,
13. Íris Dögg Sverrisdóttir,
14. Jóhanna V. Gísladóttir,
15. Nína Guðrún Arnardóttir og
16. Kolbrún Björk Sveinsdóttir, allar frá Bókasafni Kópavogs

17. Gunnhildur Kristín Björnsdóttir, Bókasafn Menntavísindasviðs Háskóla Íslands
18. Ingibjörg Rögnvaldsdóttir, Bókasafn Tækniskólans
19. Elísabet Sólstað Valdimarsdóttir,
20. Heiður María Loftsdóttir,
21. Riina Finnsdóttir og
22. Rósa Bjarnadóttir, allar frá Bókasafni Listaháskóla Íslands
23. Inga Erlingsdóttir frá Borgarbókasafni

Greinargerðir styrkþega verða gerðar aðgengilegar á vef félagsins eða í fyrsta tölublaði Bókasafnsins.

## 8. Fræðslumál

### Morgunkorn 2022 - 2023

Morgunkorn voru á sínum stað á síðasta starfsári, þótt þau séu nú aftur orðin staðbundin er áfram boðið upp á streymi og yfirleitt er upptaka fyrir þá sem ekki komast.

Tilgangur Morgunkorna er að efla faglega vitund félagsmanna og fá bæði einstaklinga utan og innan félagsins til að ræða mál sem eru í brennidepli hverju sinni. Fundirnir fara fram í formi fyrirlestrar og standa í um það bil hálf tíma og lýkur með umræðum ef tími leyfir. Fundunum er streymt á Teams og upptaka birt á Youtube rás Upplýsingar fljótlega eftir að fundum lýkur.

1. Morgunkornið er ávallt haldið í tilefni Bókasafnsdagsins 8. september 2022. **Friðrik Rafnsson** hélt erindi og kynningu á þýðingum sínum auk þess sem hann ræddi almennt um hlutverk og mikilvægi bókmenntaþýðinga. Bókasafn Menntaskólans við Hamrahlíð bauð heim að þessu sinni.
2. Morgunkorn var 13. október á Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni. Þar sagði **Kristjana Mjöll Jónsdóttir Hjörvar**, fagstjóri skylduskila og gjafa frá skylduskilalögum og þeim áhrifum sem þau hafa á starf safnsins. En eitt af hlutverkum Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns sem þjóðbókasafns, er að safna öllu efni sem út er gefið eða ætlað er til dreifingar á Íslandi og varðveita það efni til framtíðar sem hluti af hinum íslenska menningararfi. Til stuðnings því hlutverki hafa verið sett lög um skylduskil, nú í gildi lög nr. 20/2002.

Ekkert morgunkorn var í nóvember vegna málþingsins sem var 18. nóvember eins og sagt er frá hér aftar.

3. Morgunkorn var 26. Janúar 2023. Það var haldið í fyrirlestrarsal Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns og var í formi pallborðsumræðna um stöðu stéttar bókasafns- og upplýsingafræðinga. Eftir miklar umræður um sérfræðiþekkingu stéttarinnar í lokuðum hópi á Facebook bæði um starfsauglýsingar og skráningarheimildir í bókasafnkerfið



Gegni, var ákveðið að bjóða stjórnendum stærstu bókasafna landsins, landsbókaverði **Ingibjörgu Steinunni Sverrisdóttur** og borgarbókaverði **Pálinu Magnúsdóttur**, framkvæmdastýru Landskerfis bókasafna **Sveinbjörgu Sveinsdóttur**, **Ágústu Pálsdóttur** prófessor í HÍ, **Kristjönu Mjöll Jónsdóttur Hjörvar** formanni SBU og formanni Upplýsingar, **Þórnýju Hlynisdóttur** til pallborðsins og standa fyrir svörum óánægðra upplýsingafræðinga en **Sara Stef. Hildardóttir** var fulltrúi þeirra við pallborðið. Upptöku frá umræðunum er að finna á YouTube rás félagsins en einnig mætti fjöldi félagsmanna bæði í sal og í streymisfund.

4. Morgunkorn var haldið 9. febrúar. Þar kynnti **Skúli Bragi Geirdal** verkefnastjóri hjá Fjölmíðlanefnd fjallar um hið lögbundna hlutverk Fjölmíðlanefndar að efla miðlalæsi og auka skilning á hlutverki og notkun ólíkra miðla meðal almennings. Skúli kynnti fyrstu miðlalæsisvikuna sem tileinkuð er upplýsinga- og miðlalæsi og var haldin í fyrsta skipti á Íslandi vikuna 13.-17. febrúar. Skúli sagði frá undirbúningi hennar og rannsóknum Fjölmíðlanefndar um netnotkun barna- og ungmenna ásamt því að segja frá þeim verkefnum sem framundan eru á sviði miðlalæsis á Íslandi. Stafrænn veruleiki skipar sífellt meiri sess í daglegu lífi okkar. Stafrænum lausnum fylgja mikil tækifæri en líka stórar áskoranir og því mikilvægt að vera læs á mismunandi miðla og tækni. Borgarbókasafnið í Grófinni bauð í heimsókn.
5. Morgunkornið var 23. mars og var aftur haldið í Borgarbókasafni Grófinni þar fjallaði **Ingibjörg Ösp Óttarsdóttir** segir frá starfsemi, tilgangi og markmiðum IBBY (International Board on Books for Young People), alþjóðlegum samtökum áhugafólks um barnabókmenntir og barnamenningu. Hún hefur setið í stjórn Íslandsdeildarinnar um árabil og hefur félagið unnið m.a. ýmiskonar lestrarhvetjandi verkefnum, faglegru umfjöllun um barnabókmenntir og barnamenningu og tekið þátt í ýmiskonar samstarfi sem hefur það að markmiði að lyfta upp barnabókmenntum og barnamenningu á Íslandi. Starfsemi IBBY og IBBY á Íslandi er fjölbreytt, skemmtileg og mikilvæg og gerði Ingibjörg þeim greinargóð skil á morgunkorni Upplýsingar ásamt því að svara spurningum um félagið og starfsemina eftir bestu getu.
6. Morgunkorn var 19. apríl í Bókasafni Kópavogs, þar kynnti **Harpa xx** fyrirtæki sitt **Hoobla - Giggarar í verkefnadrifnu umhverfi** og hvatti sérfræðinga í bókasafns- og upplýsingafræði til að skrá sig sem verktaka hjá fyrirtækinu, sérstaklega er mikil eftirspurn eftir fólki með reynslu af skjalastjórn en mögulega er einnig eftirspurn eftir fólki með skráningarheimild í Gegni.

Morgunkorn eru aðgengileg á Youtube og eru tenglar í þau frá heimasíðu félagsins, <https://upplýsing.is/morgunkorn/>

Aðrir viðburðir

**Málþing 2022 - Bókasafn framtíðarinnar**

Málþingið var vel sótt, rúmlega 100 skráðir gestir. Fyrirlestar fjölbreyttir og áhugavekjandi. Nálágast má dagskrána hér: <https://upplýsing.is/malthing-upplýsingar-bokasafn-framtidarinnar/>

Breytingar og viðbrögð við þeim voru áberandi í dagskránni, Lotte Muurinen frá Borgarbókasafni Helsinki sagði frá þeim breytingum sem þau gengu nýverið í gegn um. Sveinbjörg Sveinsdóttir frá Landskerfi bókasafna sagði frá innleiðingu á bókasafnskerfinu Ölmú frá ExLibris. Við hlýddum á markþjálfva segja frá bjargráðum í breytingum. Ragna Björk Kristjánsdóttir sagði frá áskorunum háskólabókasafna við kröfum nemenda og starfsmanna á síaukinn rafrænan safnkost. Sif Sigurðardóttir sagði frá fyrirhuguðum breytingum og framtíðarsýn á bókasafni Tækniskólans. Heiða Rúnarsdóttir lýsti ástandi og framtíð skólabókasafna sem uggvænlegu en þar er víða búið að leggja skólasöfn niður eða sameina þau almenningsbókasöfnum. Pálína Magnúsdóttir borgarbókavörður kynnti samþykktar tillögur um Grófarhús, þar mun bókasafnið fá allt húsið til umráða og taka verulegum breytingum. Að lokum sagði Jamie Johnston dósent í upplýsingafræði við Háskóla Íslands frá samfélagslegri sjálfbærni og samstarfi við bókasöfn á norðlægum slóðum.

**Jólagleði** félagsins var haldin á bókasafni Menntavísindasviðs Háskóla Íslands að loknu málþingi 18. nóvember 2022, þar var boðið upp á skemmtiatriði og léttar veitingar.

## 9. Skýrslur hópa og nefnda 2022 - 2023

Mönnun nefnda sem tengjast starfi félagsins eru að mestu leyti í höndum stjórnar félagsins. Stjórn hefur það viðmið við mönnun að reyna að finna áhugasama aðila frá öllum safnategundum til starfa. Kröfur ráðuneytis um tilnefningar bæði karls og konu í nefndir og ráð hefur valdið því að tímafrekt er að finna aðila af réttu kyni (KK) í þessu kvenmarga félagi.

Allir félagsmenn eru velkomnir í starfshópa Upplýsingar, æskilegt er að þeir sem eru fastir eins og undirbúningshópur Bókasafnsdagsins, Framtíðarhópurinn og Landsfundarnefnd séu sjálfbærir eftir fremsta megni, en stjórn Upplýsingar styður þeirra vinnu eins og hægt er.

Hér á eftir fara skýrslur þeirra föstu nefnda og starfshópa sem störfuðu fyrir félagið á síðasta starfsári.

**Undirbúningshópur Bókasafnsdagsins** hefur unnið að framgangi þess dags og borið allan þunga af undirbúningi hans. Bókasafnsdagurinn 2022 var haldin hátíðlegur 8. september líkt og áður.

Þema dagsins árið 2022 var Lestur er bestur - Á öllum tungumálum. Vegna fjölbreytileika samfélagsins þótti það gott þema því það skiptir ekki máli á hvaða tungumáli er lesið. Friðrik Rafnsson Friðrik Rafnsson, bókmenntafræðingur og þýðandi flutti erindi á Morgunkorni Upplýsingar sem haldið var í bókasafni Menntaskólans við Hamrahlíð. Í tengslum við þema dagsins var kynnt orðaský grunnskólanemenda með erlent móðurmál um allt land árið 2021.

Skipulag dagsins fór að mestu í gegnum facebook síðu undirbúningshóps. Þessar sátu í undirbúningsnefnd 2022: Arna Emilía Vigfúsdóttir, María Logn, Margrét Björnsdóttir, Guðrún Dís Jónatansdóttir, Margrét Sigurgeirsdóttir, Edda Hrund Svanhildardóttir og Stefanía Gunnarsdóttir. Eru þeim færðar kærar þakkir fyrir.

**Framtíðarhópur** heldur utan um skipulag málþings Upplýsingar.

Undirbúningur málþings 2022, *Bókasafn framtíðarinnar* var í höndum Lísu Z. Valdimarsdóttur, forstöðukonu Bókasafns Kópavogs og Ilmar Daggar Gísladóttur, Borgarbókasafni Gerðubergi og eru þeim færðar kærar þakkir fyrir.

**Landsfundarnefnd** heldur utan um landsfund Upplýsingar annað hvert ár og ræðst það af staðsetningu hans hverju sinni. Næsti landsfundur verður í Hafnarfirði haustið 2023 og liggur undirbúningur hans því í höndum hafnfirskra bókasafna undir handleiðslu Sigrúnar Guðnadóttur á Bókasafni Hafnarfjarðar. Dagskráin er langt komin og er ákaflega spennandi.

### **Ritnefnd 2022-2023**

Hallfríður H. Kristjánsdóttir á Landsbókasafni bauð fram krafta sína í ritnefnd í upphafi árs 2023. Björg Bjarnadóttir meðstjórnandi hefur séð um uppsetningu og útsendingu Fregna 2022-2023.

### **Blái skjöldurinn**

Upplýsing, sem fulltrúi IFLA, á fulltrúa í landsnefnd Bláa skjaldarins og í fræðsluhóp Bláa skjaldarins. Fulltrúar Upplýsingar 2021-2025 eru Guðný Ragnarsdóttir á Árnastofnun og varamaður Guðný Kristín Bjarnadóttir á bókasafni Reykjanesbæjar.

Frá fulltrúa Upplýsingar í Landsnefnd Bláa skjaldarins um starfsárið 2021-2022

Landsnefnd Bláa skjaldarins hélt sex fundi árið 2022 og það sem af er árinu 2023 hafa verið haldnir tveir fundir. Aðalverkefni nefndarinnar árið 2022 var að undirbúa málþing sem fór fram 5. maí 2022 í Þjóðskjalasafni. Málþingið bar yfirskriftina „*Vernd menningararfsins: sameiginleg ábyrgð*“ og haldin voru átta erindi sem fjölluðu á einn eða annan hátt um aðgerðir til undirbúnings og verndunar menningararfs ásamt því að fjallað var um reynslusögur af viðbragðsaðgerðum og greint frá stöðu þessara mála hér á landi. Um 100 manns sóttu málþingið auk þess sem það var sent út á Zoom.

Nefndin hefur einnig unnið að uppfærslu vefs samtakanna og átt samskipti við menningar- og viðskiptaráðuneytið til að hvetja til áframhaldandi vinnu sem varðar vernd menningararfsins og uppfyllingu alþjóðlegra skuldbindinga á borð við Haag-samning UNESCO um vernd menningarverðmæta komi til vopnaðra átaka.

### **IBBY á Íslandi - Gerðubergsráðstefnan** - árleg barna- og unglingabókaráðstefna í Gerðubergi

Árlega er haldin barna- og unglingabókaráðstefna í Menningarhúsinu í Gerðubergi af IBBY á Íslandi sem eru alþjóðleg samtök um barnabókmenntir og barnamenningu. Fulltrúi Upplýsingar í undirbúningsnefnd er Gréta Björg Ólafsdóttir, deildarstjóri barnastarfs í Bókasafni Kópavogs. ráðstefnan fór fram þann 11. mars 2023.

Yfirskrift ráðstefnunnar var „Allskonar fjölskyldur“

Í ár beindum við sjónum okkar að því hvernig margbreytileg fjölskyldutengsl birtast í barnabókmenntum. Hvað merkir það að vera fjölskylda og hvernig fjölskyldur sjáum við í barnabókum fyrr og nú? Fjölskyldur og tengsl verða til úr ólíkum manneskjum sem tengjast

ástríku, undarlegum, erfiðum, flóknum og fallettum böndum. Fjölskyldan er ein birtingarmynd á okkar nánustu samböndum sem geta jú verið allskonar.

## 10. Annað innlent samstarf 2022 - 2023

### Fjölmiðlanefnd TUMI

Formaður Upplýsingar situr í fulltrúaráði Fjölmiðlanefndar þar sem fjallað er um upplýsinga- og miðlalæsi og hefur hún sótt tvo fundi á árinu. Fyrsta fjölmiðlavikan á Íslandi var haldin í febrúar 2023 sem vakti mikla athygli í samfélaginu, sjá: <https://midlalaesi.is/>

### Ráð og nefndir sem Mennta- og vísindaráðuneytið kallar eftir tilnefningum í:

#### Bókasafnaráð

Mennta- og vísindaráðuneytið óskaði eftir tilnefningu Upplýsingar í Bókasafnaráð fyrir árin 2021-2025. Fulltrúar Upplýsingar eru Siggerður Ólöf Sigurðardóttir og Helgi Sigurbjörnsson og til vara eru Margrét Sigurgeirsdóttir og Guðmann Kristþórsson.

Þetta ár 2022 – 23 hefur Bókasafnaráð einkum unnið að stefnumótun bókasafnanna. Við teljum þessa vinnu vera mjög mikilvæga fyrir öll bókasöfn. Bæði á sviði faglegrar samvinnu og framþróunar. Við lögðum áherslu á mikilvægi safnanna fyrir alla, hvort sem það eru nemendur á öllum skólastigum, almennir borgarar, ungir eða gamlir, nýir Íslendingar eða aðrir notendur. Við vinnum stöðugt til fátíðis í senn en það er til að leggja áherslu á hvað tækniframfarir eru hraðar og samfélagslegar þarfir breytilegar eftir því. Söfnin þurfa að taka mið af þessum öru breytingum sem og breyttum þörfum notenda sem þeim fylgi.

Umsóknum í Bókasafnasjóð hefur fjölgað verulega milli ára og er það góð og ánægjuleg þróun. Síðastliðið vor var úthlutað úr sjóðnum í fyrsta sinn við hátíðlega athöfn í Safnahúsinu en þar var einnig úthlutað úr öðrum sjóðum ráðuneytis. Fóru styrkir til margvíslegra málefna og er það vel. Einnig er ánægjulegt hvað umsóknir eru fjölbeyttar þetta árið og margvíslegar. Það sýnir enn og aftur þörfina fyrir aukið fjármagn til safnanna og starfsemi þeirra.

Að lokum viljum við enn og aftur leggja áherslu á að allir sem sækja um í Bókasafnasjóð vandi vel sínar umsóknir og skoði þær upplýsingar sem finna má bæði á matskvörðum og eins hlutverk sjóðsins.

Fyrir hönd Bókasafnaráðs,  
Siggerður Ólöf Sigurðardóttir og Helgi Sigurbjörnsson

#### Samráðshópur um málefni Hljóðbókasafns Íslands

Mennta- og vísindaráðuneytið óskaði eftir tilnefningu Upplýsingar í samráðshóp um málefni Hljóðbókasafns Íslands. Stjórn tilnefndi Andreu Dan Árnadóttur og Kristínu Lilju Thorlacius Björnsdóttur, til vara. Báðar starfa þær á Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni.

Stjórn Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns

Mennta- og vísindaráðuneytið óskaði eftir tilnefningu Upplýsingar í stjórn Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns 2023-2025. Stjórn tilnefndi Ingibjörgu Rögnvaldsdóttur á bókasafni Tækniskóla Íslands og Halldór Marteinson á bókasafni Landspítala.

Íslensk málnefnd

Mennta- og vísindaráðuneytið óskaði eftir tilnefningu Upplýsingar í Íslenska málnefnd, fulltrúi Upplýsingar þar til ársins í ár er Þórður Sævar Jónsson.

Höfundarréttarráð

Mennta- og menningarmálaráðuneytið (eins og það hét þá) óskaði eftir tilnefningu Upplýsingar í Höfundarréttarráð árið 2021 og var Örn Hrafnkelsson, Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni skipaður í ráðið. Lítið hefur heyrst af þeirri nefnd því miður því málefnið er brýnt fyrir bókasöfn og snýr að stafrænni endurgerð eldri verka, miðlun námsefnis í námskeið og fleira sem brýnt er að komast að niðurstöðu um því eins og er allt of margt óljóst, sérstaklega eftir Evróputilskipun um höfundaréttarvarin verk í eigu bókasafna, lista- og minjasafna.

## 10. Norrænt og alþjóðlegt samstarf

Alþjóðleg og norræn samskipti eru mismikil. Reynt hefur verið að halda uppi samstarfi við norrænu bókavarðafélögin og IFLA enda má til sanns vegar færa að þessi samskipti séu félaginu mikill fengur.

### a) Samstarf norrænu bókavarðafélaganna

Fulltrúar norrænu bókavarðafélaganna hittast að jafnaði tvisvar á ári. Fundað er á meðan IFLA-þing stendur og svo er skipst á að bjóða til funda. Norrænu bókavarðafélögin funduðu á Teams þrisvar sinnum á starfsárinu og funduðu í Osló í janúar 2023, fulltrúi Upplýsingar fór ekki á fundinn en umræður á honum einkenndust af því hvernig efla mætti rödd norrænna bókasafna innan IFLA.

### b) IFLA

Stefnt er að því að formaður Upplýsingar fari á IFLA WLIC í Rotterdam í ágúst 2023, sæki fyrirlestra og fundi og hitti þar meðal annars fulltrúa norrænu bókavarðafélagana.

### c) ALMA

Upplýsing á fulltrúa í nefnd um úthlutun styrkjar á vegum ALMA - Astrid Lindgren Memorial Award, sem er alþjóðlegur styrkur veittur fyrir barna- og unglingabókmenntir. Íslensku nefndina skipa auk fulltrúa Upplýsingar (Eydís Stefanía Kristjánsdóttir), fulltrúi IBBY á Íslandi, fulltrúi Félags íslenskra teiknara (FÍT) og fulltrúi Rithöfundasambands Íslands. Frá Íslandi voru tilnefndir til verðlauna árið 2023, rithöfundurinn Gunnar Helgason og myndlistarmaðurinn Brian Pilkington fyrir bækur sínar.